




Fæðingar- og foreldraorlof í framkvæmd

Fræðslumorgunn hjá SFR fyrir
trúnaðarmenn

26. janúar 2005

Erna Guðmundsdóttir, hdl.

Fæðingarorlofslögin nr. 95/2000 með síðari breytingum.



- Tóku gildi 6. júní 2000
- Sjálfstæður réttur föður tók gildi í áföngum, nú síðast í janúar 2003.
- Breyting gerð á lögunum sem tók gildi 1. janúar 2005.
- Lögin taka til réttinda foreldra á innlendum vinnumarkaði til fæðingar- og foreldraorlofs.
 - starfsmenn/sjálfstætt starfandi
 - utan vinnumarkaðar og í námi til fæðingarstyrks.
- Úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála fjallar um ágreining sem rísa kann á grundvelli laganna.

Markmið fæðingarorlofslaganna

- Tryggja barni samvistir bæði við föður og móður.
- Gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.




Réttur foreldra til töku fæðingarorlofs

- *Sjálfstæður réttur foreldris:*

Foreldrar eiga **sjálfstæðan** rétt til fæðingarorlofs í allt að **þrjá mánuði**, hvort um sig, vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Þessi réttur er ekki framseljanlegur (sjá undantekningu á næstu glæru).



Réttur foreldra til töku fæðingarorlofs



- *Sameiginlegur réttur foreldra:*

Auk þess eiga foreldrar **sameiginlegan rétt** á **þremur mánuðum** til viðbótar sem annað foreldrið, getur tekið í heild eða foreldrar skipt því með sér.

- Réttur til fæðingarorlofs fellur niður er barnið nær 18 mánaða aldri.

Réttur foreldra til töku fæðingarorlofs

- **Andlát foreldris:** Sú undanþága á við þær aðstæður ef annað foreldranna andast áður en barn nær 18 mánaða aldri og hefur þá ekki tekið út fæðingarorlof sitt. Færist þá sá réttur sem hinn látni hefur ekki þegar nýtt sér yfir til eftirlifandi foreldris.

Fæðingarorlof


- **Forsjá barns:**

- Forsjárlaust foreldri á rétt til fæðingarorlofs liggi fyrir samþykki þess foreldris sem fer með forsjána um að forsjárlausa foreldrið hafi umgengni við barnið þann tíma sem fæðingarorlofið stendur yfir.

Tilkynning um fæðingarorlof til vinnuveitanda



- Starfsmaður skal tilkynna vinnuveitanda með a.m.k. **átta vikna fyrirvara** að hann ætli að nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs.
 - Undanþága frá tímafrestinum ef **kona** óskar eftir því að hefja fæðingarorlof einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag. Styttist fresturinn þá í þrjár vikur.
- Tilkynningin skal vera skrifleg og skal þar koma fram upphafsdagur, lengd og tilhögun.
- Vinnuveitandi skal árita tilkynninguna og afhenda starfsmanni afrit hennar.
- Vinnuveitandi getur krafist sönnunar um forsjá. Er það mat hans sjálfs hvort hann biðji um það.



Tilhögun fæðingarorlofs

- Starfsmaður á rétt á því að taka fæðingarorlofið í einu lagi.
- Sveigjanleiki er á töku fæðingarorlofsins. Með samkomulagi við vinnuveitanda er starfsmanni heimilt að skipta því niður á fleiri tímabil og/eða það verði tekið samhliða minnkuðu starfshlutfalli.
- Þó má aldrei taka fæðingarorlofið skemur en tvær vikur í senn.



Tilhögun fæðingarorlofs



- **Hvað gerist ef vinnuv. getur ekki fallist á óskir starfsmannsins?**
 - Vinnuveitandinn skal að höfðu samráði við starfsmanninn leggja til aðra tilhögun innan viku frá móttökudagsetningu tilkynningar. Skal það gert skriflega og ástæður tilgreindar fyrir breyttri tilhögun.
- **Ef samkomulag næst ekki ?**
 - Þá á starfsmaður rétt á því að taka fæðingarorlofið í einu lagi.

6



Umsókn til Tryggingastofnunar ríkisins.



- Foreldri skal sækja um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði til Tr. í síðasta lagi sex vikum fyrir áætlaðan fæðingadag barns. Umsóknin er sameiginleg fyrir móður og föður, sæki þau bæði um greiðslur.
- Hún þarf að vera undirrituð af vinnuveitendum til staðfestingar á því að þeir hafi samþykkt fyrirhugaða töku fæðingarorlofs.

Umsókn til Tryggingastofnunar ríkisins

- **Fylgigögn:**
 1. Vottorð um væntanlegan fæðingardag barns.
 2. Tilkynning um fæðingarorlof.
 3. Skattkort, (greiðslur í fæðingarorlofi eru skattskyldar).
 4. Samþykki forsjárforeldris fyrir fæðingarorlofi forsjárlausss foreldris.
 5. faðernisviðurkenningu.
 6. Afrit af tveimur síðustu launaseðlum.

Skilyrði fyrir rétti til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði

- Foreldri öðlast rétt til greiðslu úr sjóðnum eftir að hafa verið **samfelld** í sex mánuði á innlendum vinnumarkaði fyrir fæðingardag barns eða þann tíma sem barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða varanlegt fóstur.

Skilyrði fyrir rétti til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði

- Mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til starfsmanns í fæðingarorlofi er 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við **tvö tekjuár** á undan fæðingarári barns eða þess árs er barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða varanlegt fóstur.

Skilyrði fyrir rétti til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði

- Mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til starfsmanns í fæðingarorlofi skal aldrei nema hærri fjárhæð en **480.000 kr.**



Hvað telst samfelldt starf ?

- Með samfelldu starfi er átt við að foreldri hafi verið í a.m.k. 25% starfi í hverjum mánuði á innlendum vinnumarkaði yfir tiltekið tímabil.(4. gr. reglugerðar nr. 1056/2004, um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks.)
- Enn fremur telst til samfellds starfs eftirfarandi tilvik:
 - Orlof eða leyfi samkvæmt lögum, kjarasamningi eða ráðningarsamningi þótt ólaunað sé að hluta eða öllu leyti.



Hvað telst samfelldt starf ?

- sá tími sem foreldri fær greiddar atvinnuleysisbætur eða er á biðtíma eftir atvinnuleysisbótum, eða hefði átt rétt á þeim hefði foreldri skráð sig án atvinnu samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Hvað telst samfelldt starf ?

- Sá tími sem foreldri fær greidda sjúkra-eða slysadagpeninga eða er á biðtíma eftir dagpeningum, eða hefði átt rétt á þeim skv. almannatryggingalögum hefði foreldri sótt um þá til TR., enda hafi foreldri látið af launuðum störfum af heilsufarsástæðum,
- sá tími sem foreldri nýtur bóta frá tryggingafélagi sem koma í stað launa vegna tímabundins atvinnutjóns af völdum slysa.

Uppsöfnun og vernd réttinda

- Af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði greiðir foreldri að lágmarki 4% í lífeyrissjóð og Fæðingarorlofssjóður að lágmarki 6%. Að auki er foreldri heimilt að greiða í séreignarsjóð og greiðir Fæðingarorlofssjóður þá lögbundið framlag á móti.
- Fæðingarorlof reiknast til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, s.s. rétti til orlofstöku, starfsaldurshækkana, veikindaréttar, uppsagnarfrests og réttar til atvinnuleysisbóta.

Muna að X-a

- Hægt er að óska eftir því að greidd séu stéttarfélagsgjöld af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.



Fjölskyldu- og styrktarsjóður BSRB, BHM og KÍ.

- Samkomulag BHM, BSRB og KÍ við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Launanefndar sveitarfélaga frá 24. október 2004.
- Fjölskyldu- og styrktarsjóður BSRB, BHM, og KÍ var stofnaður samkvæmt samkomulaginu.
 - Vegna þess mismunar sem er á greiðslum sem taka mið af reglugerð nr. 410/1989 annars vegar og skv. 13. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof hins vegar fer hluti af iðgjaldi launagreiðanda í fjölskyldu- og styrktarsjóð til að greiða þann mismun.
- Starfsmaður launagreiðanda sem er í fæðingarorlofi nýtur réttinda til greiðslu sumarorlofs, persónu- og orlofsuppbótar.

Frávik frá almennum reglum um rétt til fæðingarorlofs.



- **Fjölburafæðing:**

- sameiginlegur réttur foreldra til greiðslna framlengist um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt.

- **Fósturlát:**

- Sameiginlegur réttur er tveir mánuðir vegna fósturláts eftir 18 vikna meðgöngu. Með umsókn þarf að fylgja læknisvottorð.

- **Andvana fæðing:**

- Sameiginlegur réttur er þrír mánuðir vegna andvana fæðingar eftir 22 vikna meðgöngu. Með umsókn þarf að fylgja læknisvottorð.

Frávik frá almennum reglum um rétt til fæðingarorlofs



- **Veikindi móður á meðgöngu:**
 - Barnshafandi kona sem leggur niður launuð störf af heilsufarsástæðum meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag barns getur átt rétt á lengingu á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði að hámarki í tvo mánuði.
 - Beri fæðingu að fyrir áætlaðan fæðingardag barns fellur rétturinn niður frá þeim tíma og hefst þá hið hefðbundna fæðingarorlof.

Frávik frá almennum reglum um rétt til fæðingarorlofs

- **Veikindi móður í tengslum við fæðingu:**
 - Heimilt er að framlengja rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði til móður um allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda hennar sjálfrar sem eru í tengslum við fæðingu. Miðað er við að veikindi móður megi rekja til fæðingar sem valdi því að hún geti ekki annast barn sitt.
 - Úrskurðarnefnd mál nr. 77/2002 (fæðingarþunglyndi). Að mati lækna var ekki talið að móðir hafi verið ófær að annast barn sitt.
 - Úrskurðarnefnd mál nr. 68/2002. (eggjastokkur fjarlægður)

Frávik frá almennum reglum um rétt til fæðingarorlofs


- **Sjúkrahúsdvöl barns í beinu framhaldi af fæðingu:** Þurfi barn að dveljast lengur en sjö daga á sjúkrahúsi vegna veikinda eða fyrirburafæðingar er heimilt að framlengja samanlagðan rétt foreldra til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði um þann dagafjölda. Upphaf greiðslna miðast þá við fæðingadag barns og lok við fyrstu heimkomu þess, að hámarki fjórum mánuðum síðar.
- **Alvarlegur sjúkleiki barns:** Ef barn er alvarlega veikt og nánari umönnun foreldris er nauðsynleg er heimilt að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði í allt að þrjá mánuði. (Getur bæst við fjóra mánuði vegna sjúkrahúsdvalar.)

Öryggi og heilbrigði á vinnustöðum:



- Ef öryggi og heilbrigði þungaðrar konu, konu sem hefur nýlega alið barn eða konu sem er með barn á brjósti er í hættu samkvæmt sérstöku mati skal vinnuveitandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi konunnar.
- Vinnuveitandi eða þjónustuaðili á sviði vinnuverndar og forvarna samkvæmt ósk vinnuveitanda, meta eðli hættunnar fyrir starfsmenn á hlutaðeigandi vinnustað.

Öryggi og heilbrigði á vinnustöðum



- *Hvaða nauðsynlegu ráðstafanir skal vinnuveitandi grípa til ?*
 - Breyta tímabundið vinnuskilyrðum /og eða vinnutíma.
 - Ef því verður ekki við komið af tæknilegum eða öðrum gildum ástæðum skal vinnuveitandi fela konunni önnur verkefni eða
 - Leyfi frá störfum í svo langan tíma sem nauðsynlegt er til að vernda öryggi hennar og heilbrigði.

Öryggi og heilbrigði á vinnustöðum:

- *Hafa breytingar á vinnuskilyrðum áhrif á launakjör ?*
 - Breytingar á vinnuskilyrðum konu sem teljast nauðsynlegar skulu ekki hafa áhrif á launakjör hennar til lækkunar eða önnur starfstengd réttindi.
 - Ef veita þarf þungaðri konu leyfi frá störfum á hún rétt á greiðslum líkt og hún væri í fæðingarorlofi úr Fæðingarorlofssjóði. Það hefur ekki áhrif á réttinn til fæðingarorlofs.

Öryggi og heilbrigði á vinnustöðum:

- Mikilvægt er að hafa í huga að réttindi þungaðra kvenna samkvæmt framansögðu byggja á því að atvinnurekanda hafi sannanlega verið tilkynnt um þungunina.
- Sérstök reglugerð gildir um þetta.
- Skv. henni er óheimilt að skylda þungaðar konur að vinna störf sem mat hefur sýnt að sé hættulegt vegna mengunar eða vinnuskilyrða.
 - T.d. er óheimilt að skylda þungaða konu til að vinna að næturlagi á meðgöngutíma og í allt að sex mánuði eftir barnsburð.

Foreldraorlof




- Foreldri á sjálfstæðan rétt til launalauss foreldraorlofs að hámarki í 13 vikur eftir að hafa starfað samfelld í sex mánuði hjá sama vinnuveitanda. Gildir þessi réttur vegna barna sem eru fædd 1. janúar 1998 eða síðar. Heimilt er að taka foreldraorlof í einu lagi eða eftir samkomulagi við vinnuveitanda. Rétturinn fellur niður við átta ára aldur barns.

Fæðingar- og foreldraorlof

- **Réttur til starfs:** Ráðningarsamband helst óbreytt og starfsmaður á rétt á að hverfa aftur að starfi sínu að loknu fæðingar- og foreldraorlofi. Sé þess ekki kostur á hann rétt á sambærilegu starfi hjá vinnuveitanda í samræmi við ráðningarsamning.
- **Vernd gegn uppsögnum:** Óheimilt er að segja starfsmanni upp störfum vegna þess að hann hefur tilkynnt um fyrirhugaða töku fæðingar- eða foreldraorlofs nema gildar ástæður séu fyrir hendi og skal þá skriflegur rökstuðningur fylgja uppsögninni. Sama gildir um uppsögn þungaðrar konu og konu sem hefur nýlega alið barn.



Samantekt



- Faðir þrjá mánuði.
- Móðir þrjá mánuði.
- Foreldrar saman þrjá mánuði.
- Átta vikum fyrir: Tilkynning til vinnuveitanda.
- Sex vikum fyrir: Umsókn í Fæðingarorlofssjóð.
- Muna að **X-a**.
- Passa öryggi þungaðrar konu.
- Ekki gleyma foreldraorlofinu.